

Tinova VX 2 in 1 Exterior

Viðarvörn - þekjandi og háfyllandi

Efnislýsing

Tinova VX 2 in 1 Exterior er samsett grunn- og þekjandi alkýðolíu-málning; hún er vatnsþynnanleg og háflgljáandi, ætluð til málunar á við utanhúss. Tinova VX 2 in 1 Exterior er sérstaklega gerð fyrir kaldar og norðlægar aðstæður og inniheldur bindiefni sem Nordsjö hefur einkaleyfi fyrir, en það tryggir einstaka bindingu við undirlagið og myndar veðurþolna filmu sem ver viðinn sérlega vel. Ef Tinova VX 2 in 1 Exterior er notuð samhliða Tinova Wood Base Oil má gera ráð fyrir að málningin endist í allt að 12 ár sé rétt staðið að málun í byrjun.

Meðhöndlun

Undirlagið skal vera hreint og þurr (mest 16% raki í viði).

Nýmálun

1. Gegndreypið alla fleti sem mála skal með Tinova Wood Base Oil og það sérlega vel gljúpa fleti eins og endatré.
2. Málið yfir tvisvar sinnum með Tinova VX 2 in 1 Exterior. Berið ríkulega á.
3. Á lítið hallandi fleti skal bera aukaumferð.

Endurmálun

1. Þvoðið allan flötinn með Original Málartvätt og vatni. Ef á fletinum er mygla, mold eða annar gróður skal þvo flötinn með Original Hustvätt. Skolið vel eftir á með vatni. Látið flötinn þorna vel áður en málað er.
2. Öll gömul og laus málning skal fjarlægð. Gljáandi fleti skal slípa matta til að tryggja góða viðloðun. Gráma og fúa í viði skal þússa niður uns komið er niður í eðlilegan viðarlit.
4. Viðurinn skal gegndreyptur með Tinova Wood Base Oil.
5. Málið yfir tvisvar sinnum með Tinova VX 2 in 1 Exterior. Berið ríkulega á flötinn.
6. Á lítið hallandi fleti skal bera aukaumferð.

Ef áður hefur verið málað með hálfþekjandi efni skal þvo eða burstu flötinn upp og mála síðan tvær umferðir af Tinova VX 2 in 1 Exterior.

Annað

Hrærið vel í dósinni fyrir notkun. Við fyrstu umferð á ómálaðan við myndast lægri gljá þar sem hluti af bindiefninu hefur smogið inn í viðinn. Seinni umferð skilar hins vegar endanlegum gljáa. Málið ekki ef sól skín beint á flötinn eða ef hætta er á regni eða daggarmyndun innan næstu klukkustunda eftir lok verks.

Heilsufars- og umhverfismál

Hrærið vel í dósinni fyrir notkun. Þrífið verkfæri strax eftir notkun. Ekki hella olíuleifum í niðurföll. Tónum umbúðum og efnaleifum skal skila til endurvinnslustöðva. Sjá frekari upplýsingar á öryggisblaði.



Tæknilegar upplýsingar

Til notkunar: Utanhúss

Tegund: Alkýðolía/Akrýl

Gljástig: 30%

Þurrktími: Við 23°C/50% raka, 8 klst.

Yfirmálun: 12 klst.

Hiti við málun: minnst +5°C, mest +25°C

Rakastig: 40-80%, kjörakastig 65%

Þynning: Vatn

Verkfæri: Penslar, rúllur, málningarsprautur

Þekja: Nýmálun 3-6 fermetrar pr. lítra.

Endurmálun 6-8 fermetrar pr. lítra

Pakkningar: 1, 2,5, 5 og 10 lítra dósir

Stofnar: BW, BM, BC

Hreinsun: Sápuvatn

Geymsla: Í frostfríu rými

Rokgjörn lífræn efni (VOC (fl. A/e) 130 g/l.):

Inniheldur mest 20 g/l.

Þessi gildi eiga við hvítan lit. Önnur gildi geta átt við aðra líti.

Umhverfi

Tinova VX 2 in 1 Exterior er merkt FSC, sem vottar um samstarf og aðild að stjórnun skóga með sjálfbærum hætti.

